

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Belgíu vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið Avian Influensa í Belgíu, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Belgíu.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 6. júní 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. maí 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.